

Samningur
milli
Myndhöfundasjóðs Íslands („Myndstef“), kt 540891-1419
og Hljóðbókasafns Íslands („safnið“), kt 650183-0459
um eintakagerð og stafræna birtingu safnsins innan þjónustuveitu safnsins,
á afritum af myndverkum úr safnkosti (19. gr. höfundalaga)

1. Inngangur og gildissvið

- 1.1 Tilgangur þessa samnings er að koma á skýrum, einföldum og samræmdum skilmálum og verðskrá fyrir eintakagerð og birtingu safnsins innan þjónustuveitu safnsins, af stafrænum afritum af myndverkum úr safnkosti. Samningurinn nær aðeins til safnkosts sem nýtur lögvarinnar höfundarverndar („safnkostur“).
- 1.2 Samningnum er ætlað að veita aðgengi að bókmenntaarfi þjóðarinnar til tiltekins hópar sem er nánar skilgreindur í 19. gr. höfundalaga, sbr. 19. gr. a - d. sömu laga, sbr. önnur ákvæði þess laga, og er í samræmi við alþjóðaskuldbingar Íslands samkvæmt Marakess sáttmálanum, frá 27. júní 2013. Um hljóðbókasafnið gilda bókasafnslög nr. 150/2012 og reglugerð 939/2013, um hljóðbókasafn Íslands.
- 1.3 Við undirritun samningsins eru titlar 9707 talsins.
- 1.4 Að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum fer um notkun eftir meginreglu höfundaréttar um einkarétt höfundar til birtingar og eintakagerðar af verkum sínum.
- 1.5 Það er forsenda þessa samnings að safnið sé í eigu hins opinbera og að Myndstef hafi hlotið viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis til samningsgerðarinnar, sbr. 4. mgr. 26. gr. a. höfundalaga.

2. Heildarsamningur og ábyrgð

- 2.1 Með samningi þessum veitir Myndstef safninu leyfi til eintakagerðar og til að gera myndrænan safnkost aðgengilegan með stafrænum hætti innan þjónustuveitu safnsins, sbr. 19. gr. höfundalaga, sbr. 19. gr. a - d. sömu laga. Samningur þessi nær til verka í safnkosti safnsins eftir íslenska og erlenda höfunda, sem hafa með umboði eða í gegnum félagsaðild, falið Myndstef umsýslu réttinda sinna.
- 2.2 Samningurinn nær einnig til þeirra höfunda sem standa utan samtakanna, sbr. þó nánari skilmála og forsendur þessa samnings, þá einkum 2.5. gr. samningsins.
- 2.3 Myndstef skal bera ábyrgð á uppgjöri við höfunda og aðra rétthafa sem eiga verk í safnkosti þeim er fellur undir samning þennan, í samræmi við 26. gr. b. höfundalaga.
- 2.4 Myndstef skal halda safninu skaðlausu vegna hvers konar krafna frá rétthöfum sem hafa falið Myndstef umsýslu réttinda sinna, er varða uppgjör vegna eintakagerðar eða birtingu safnsins á myndrænum safnskosti.
- 2.5 Myndstef ábyrgist þær kröfur sem kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar eða höfundaréttarsamtökum sem standa utan Myndstefs, og kunna að eiga réttmætt tilkall til greiðslna í samræmi við þau not sem samningur þessi tilgreinir. Myndstef skal leggja kost að því að halda safninu skaðlausu af þessum kröfum, og leysa úr ágreiningi ef upp kemur. Ofangreindum rétthöfum er þó heimilt að banna Myndstef umsýslu réttinda sinna samkvæmt samningi þessum, og skal Myndstef tilkynna safninu tafarlaust ef svo á við. Þó skulu þeir rétthafar og Myndstef fyrst reyna að ná úrlausn ágreiningar sín á milli. Þó rétthafar banni Myndstef umsýslu réttinda sinna, hafa þeir ekki heimild til að banna safninu not verka sinna, enda falli not safnsins undir 19. gr. höfundalaga. Í slíkum tilvikum og ef ekki verður unnt að leysa úr ágreiningi, og rétthafar vilja undanskilja sig umsýslu Myndstefs, skulu þeir beina kröfum sínum beint til safnsins.
- 2.6 Við eintakagerð á grundvelli þessa samnings er safninu óheimilt, án samþykkis höfundar verks, að

- gera breytingar á verkinu fram yfir það sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.
- 2.7 Safnið ber enga ábyrgð á notkun þriðja aðila á þeim afritum sem safnið birtir á grundvelli þessa samnings. Um notkun þriðja aðila fer þannig eftir höfundalögum.

3. Tilgreining höfundaréttar og birting

- 3.1 Við birtingu á afritum safnkosts innan þjónustuveitu safnsins, skal safnið geta nafns höfundar verksins og þeirrar heimildar sem notuð er, eftir því sem aðstæður leyfa.
- 3.2 Með samningnum skuldbindur safnið sig til að hafa eftirfarandi texta sýnilegan á þeim stað er afrit safnkosts eru birt, s.s. á vefsvæði:

Eintakagerð og birting safnsins á höfundavörðum bókakápum og öðrum myndverkum innan þjónustuveitu safnsins, fer fram á grundvelli samninga á milli Myndstefs og safns. Öll önnur endurbirting/ eintakagerð er óheimil. Ef spurningar vakna um forsendur samningsins, innheimtu, úthlutun eða veitingu leyfis, skal hafa samband við Myndstef - myndstef@myndstef.is

4. Þóknun

- 4.1 Fyrir eintakagerð og birtingu á afritum af myndverkum innan þjónustuveita safnsins og samkvæmt samningi þessum greiðir safnið umsamið árgjald, að fjárhæð 500.000 kr.
- 4.2 Eintakagerð og birting í öðrum tilgangi en þeim sem 19. gr. höfundalag tiltekur, krefst nýs samkomulags og greiðslna.
- 4.3 Árgjaldið skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og skulu breytingar taka gildi í desember ár hvert fyrir næsta ár.
- 4.4 Ef verulegar breytingar verða á safnkosti skulu samningsaðilar endurskoða árgjald. Að auki skulu samningsaðilar endurskoða árgjald á þriggja ára fresti.
- 4.5 Gjaldddagi þóknunar er 31. janúar ár hvert, með eindaga 30 dögum síðar.

5. Brot á samningsskuldbindingum

- 5.1 Ef annar hvor samningsaðili vanrækir skyldur sínar samkvæmt samningnum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, að undangenginni áskorun um úrbætur með 30 daga fyrirvara.
- 5.2 Vanræki safnið skyldur sínar samkvæmt 4. gr. í samningi þessum og bætir ekki úr þrátt fyrir skriflega viðvörðun frá Myndstefi, skal Myndstefi vera heimilt að fara fram á álag á þóknun, í stað eða samhliða rétti sínum til að segja samningi upp sbr. grein 8.1. Álag þóknunar skal taka mið af alvarleika og umfangi brotsins, en álag getur hæst orðið 100% og þá í því tilviki er safnið hefur með öllu vanrækt skyldur sínar um tilgreiningu höfundaréttar eða með öðrum hætti brotið á sæmdarrétti höfunda með alvarlegum hætti.

6. Gildistími og framsal

- 6.1 Samningurinn öðlast gildi við undirritun og gildir út árið 2024. Eftir þann tíma framlengist samningurinn um 1 ár í senn, nema honum sé sagt upp skriflega af öðrum hvorum aðilanum með þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok viðkomandi framsalstímabils.
- 6.2 Breytist eignarhald safnsins eða missi safnið viðurkenningu sína skal samningur þessi falla niður, og það sama á við ef Myndstef missir viðurkenningu sína frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sbr. grein 1.6. í samningi þessum.
- 6.3 Að öðru leyti en kveðið er á um í ákvæði 2 skulu réttindi þau er felast í samningi þessum teljast óframseljanleg, nema að fengnu skriflegu samþykki samningsaðila.




7. Ágreiningur um túlkun

Ef upp kemur ágreiningur milli aðila um túlkun þessa samnings, þar með um notkun hugtaka, takmarkana og skilgreininga, skuldbinda aðilar sig til að leita sátta um ágreininginn. Náist ekki samkomulag um fjárhæð þóknunar eða önnur atriði er varða saminga skal fara eftir þeim úrræðum sem list er í 26. gr. b. höfundalaga og/eða 26. gr. c. höfundalaga.

Reykjavík, 27. september 2022

F.h. safns



Marín Guðrún Hrafnisdóttir


F.h. Myndhöfundasjóðs Íslands



Ragnar Th. Sigurðsson

Vottar

 Hannes Sigurðsson Sími 4170881-4519

 Atalheiti Þórgunn F.H. Sími 171188-2969